

Nd.

342. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðjöfnunartillags að fengnum tillögum kjötverðlagsnefndar. Heimilt er að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Verðjöfnunartillagið hefur lögtaksrétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar lög um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim voru sett, var verðjöfnunargjaldið um 10% af kjötverðinu. Nú hefur kjötverðið margfaldast. Ef þörf er á verðjöfnunargjaldi, þá eru 10 aurar á kg allt of lágt gjald, með núverandi verðlagi á kjöti, til þess að tilgangi laganna verði náð.

Af styrjaldarástæðum hefur útflutningur á kjöti stöðvæzt til Norðurlanda, og markaðurinn í Stóra Bretlandi er í engu samræmi við verðlag hér á landi. Á meðan þetta ástand varir, er hætt við, að ekki verði hjá því komið að gera árlega sérstakar ráðstafanir vegna kjötútflutningsins. Verðjöfnunargjaldið, 10 aurar á kg, var áður látið nægja til verðuppbóta á útflutt kjöt. Talsverð vinna og fyrirhöfn er samfara innheimtu gjaldsins, og þar sem það er auk þess algerlega ófullnægjandi undir núverandi kringumstæðum, þá virðist eðlilegra að leggja það á vald ráðherra á þann hátt, sem hér er ráð fyrir gert.